

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála / The Icelandic Arctic Cooperation Network.

1. gr.
Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála / The Icelandic Arctic Cooperation Network og starfar skv. lögum nr. 19/1988, hér eftir nefnd stofnunin.

2. gr.
Heimilisfang.

Aðsetur stofnunarinnar skal vera í sveitarfélaginu Akureyri.

3. gr.
Stofnendur.

Félagasamtökum Norðurslóðanet Íslands, kt. 451108-0500 og Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, kt. 561192-2199.

4. gr.
Tilgangur stofnunarinnar.

Tilgangur stofnunarinnar er að:

1. Auka samskipti og samstarf milli aðila með það að markmiði að styrkja stöðu þeirra sem þekkingarklasa um norðurslóðamálefni á Íslandi.
2. Auka sýnileika stofnana og annarra aðila á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða og þeirra málefna sem þær fjalla um.
3. Auka skilning á starfsemi meðlima stofnunarinnar; upplýsa fræðimenn, stjórnálamenn og almenning innanlands og erlendis um þá þekkingu og reynslu sem hér hefur skapast á undanförmum árum.
4. Gera aðgengilegar upplýsingar um norðurslóðir og þau málefni sem eru hvað brýnust á norðurslóðum.
5. Veita stuðning til aukinnar samvinnu milli aðila stofnunarinnar til að styrkja samkeppnishæfni þeirra á þeim svíðum sem þær starfa á.
6. Veita leiðbeiningar og ráðgjöf til þeirra sem til stofnunarinnar leita.

Stofnunin standar ekki atvinnurekstur.

5. gr.
Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000 sem lagt er fram af stofnendum. Þar af eru lagðar fram kr. 500.000 af félagasamtökunum Norðurslóðamiðstöð Íslands, kt. 451108-0500 og kr. 500.000 af Eyþingi, kt. 561192-2199, sbr. 3. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Allar tekjur skulu nýttar til að vinna að markmiðum stofnunarinnar.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð með eftirfarandi hætti:

- 1) Einn fulltrúi Háskólangs á Akureyri og stofnana sem honum tengjast.
- 2) Einn fulltrúi annarra opinberra mennta- og/eða rannsóknastofnana.
- 3) Einn fulltrúi aðila sem ekki er opinber mennta- eða rannsóknastofnun, þ.e. einkaaðila og fleiri sem ekki tilheyra ofangreindum hópum.

Stofnendur tilnefna stjórn til stjórnarsetu fyrsta árið, fram að fyrsta aðalfundi, og varamenn fyrir sama tímabil. Á fyrsta aðalfundi skal kjósa aðal- og varastjórn. Árleg kosning aðal- og varamanna stjórnar eftir það fer fram á aðalfundi. Við kjör aðal- og varamanna í stjórn skal einfaldur meirihluti ráða. Aðal- og varamenn stjórnar skulu vera fulltrúar þeirra sem sitja í fulltrúaráði Norðurslóðanets Íslands. Skilyrði fyrir setu í fulltrúaráði verða sérstaklega skilgreind í skjalnu „Forsendur fyrir setu í fulltrúaráði Norðurslóðanets Íslands“. Kjörtímabil er eitt ár í senn.

Tveimur áheyrnarfulltrúum, annars vegar frá utanríkisráðuneytinu og hins vegar frá Eyþingi, sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, er heimilt að sitja fundi stjórnar án atkvæðisréttar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Samþykki og undirskriftir stjórnar allrar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar veitir forstöðumannni stofnunarinnar umboð.

Stjórn ber í samráði við forstöðumann ábyrgð á að stofna til og eiga samskipti við fagráð sem samanstendur af fulltrúaráði stofnunarinnar. Hlutverk fagráðs er ráðgjöf í þróun og stefnu verkefnisins. Stjórn ber ábyrgð á því að upplýsa fagráð um verkefni stofnunarinnar og framvindu þeirra og að sjá til þess að sjónarmið fagráðs skili sér í stefnu og þróun stofnunarinnar.

Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Fjárhagslega skuldbindandi ákvarðanir skal ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðalfundur og dagskrá.

8.1 Aðalfundur Norðurslóðanets Íslands er haldinn einu sinni á ári. Fundurinn skal auglýstur með minnst tíu daga fyrirvara.

8.2 Aðalfundur er öllum opinn. Á aðalfundi er kosið um aðal- og varamenn í stjórn og eiga þeir einir atkvæðisrétt sem sitja í fulltrúaráði Norðurslóðanets Íslands skv. skilyrðum í „Forsendur fyrir setu í fulltrúaráði Norðurslóðanets Íslands“.

8.3 Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu janúar til mars ár hvert. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Fjárhagsáætlun.
4. Starfsáætlun fyrir næsta rekstrarár.
5. Kosning stjórnarmanna.
6. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá og starfsháttum.
7. Önnur mál.

9. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann. Stjórn Norðurslóðanets ákveður laun og starfskjör hans. Heimildir forstöðumanns til ráðningar annars starfsfólks verði ákveðnar í samráði við stjórn.

Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslysingu, skipulagsskrá þessari og fyrirmælum stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjármálum og reiknings-haldi stofnunarinnar í umboði stjórnar og meðlima stofnunarinnar. Daglegur rekstur, skipulag og umsjón verkefna stofnunarinnar eru í höndum forstöðumanns sem starfar í umboði stjórnar.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

Forstöðumanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska eftir, og veita ber samkvæmt lögum.

Nr. 1282

20. desember 2012

Forstöðumaður auglýsir og ræður til starfa starfsmenn stofnunarinnar og fer með daglega verkstjórn gagnvart þeim, skv. þeim heimildum sem um er rætt í 1. mgr. 8. gr.

Gera má skv. ákvörðunum stjórnar samning við aðra stofnun um framkvæmd á ákvörðunum stjórnar, að hluta eða öllu leyti, varðandi daglegan rekstur, sjóðavörslu og reikningshald, enda lúti viðkomandi stofnun reglum/eftirliti, sambærilegum við eftirlit löggilts endurskoðanda.

10. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikningsaðilum stofnunarinnar fyrir hvert starfsári. Endurskoðendur skulu ekki eiga sæti í stjórn stofnunarinnar, hvorki sem aðal- né varamenn.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Ef hagnaður eða afgangur verður af rekstri stofnunarinnar skal færa hann yfir á næsta reikningsári.

12. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundar og samþykki stjórnar. Slík ákvörðun skal borin skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til að vinna að markmiðunum skv. 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 20. desember 2012.

Ríkarður Másson.

Lára Kristín Gisladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2013